

Minnisblað fyrir fund með  
menntamálanefnd Alþingis  
31.3. 2000

Í bréfi okkar til menntamálanefndar, dags. 20. mars 2000, er lagt til að 2. gr. höfundalaga 3. mgr. verði orðuð þannig:

„Verk telst birt þegar það er með rétttri heimild flutt eða sýnt opinberlega, komið fyrir í gagnagrunni, sbr. 6. gr. 4. mgr., eða eintök af því hafa verið gefin út, eins og segir í 2. mgr.“

Í bréfinu er talið að þessi breyting mundi auðvelda rétthöfum að kynna rétt sinn samhliða þróun nýrrar birtingartækni.

Eftir að bréfið var sent höfum við séð að í 3. gr. frumvarps til laga um skylduskil safna (þskj. 576 – 326. mál) er enn betri skilgreining á því hvenær verk telst birt miðað við nýja birtingartækni. Hún er á þessa leið:


„Verk telst birt í skilningi laga þessara þegar eintök af því hafa verið löglega gefin út eða þegar það er með rétttri heimild gert aðgengilegt almenningi með öðrum hætti, svo sem ef það er flutt eða sýnt opinberlega eða er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet.

Verk telst birt hér á landi þótt það sé framleitt erlendis ef það er sérstaklega ætlað til dreifingar hér á landi.“


Við leyfum okkur því að leggja til að birting verka verði skilgreind með þessum hætti næst þegar Alþingi gerir breytingar á höfundalögum.

Við teljum mikilvægt og brýnt að þetta sé gert vegna þess hve sá misskilningur er útbreiddur að heimilt sé að birta hvers konar verk á í rafrænu formi á vefsíðum án leyfis rétthafa, höfundalög gildi ekki á Netinu.

Reykjavík, 30.3. 2000



Gísli Sigurðsson  
formaður



Hörður Bergmann  
framkvæmdastjóri